



Áramótablað

2010



*Félagar Björgunarfélags Akraness
senda samborgurum sínum bestu jóla og áramótakveðjur
Þökkum kærlega veittan stuðning*

Þegar trúin flytur fjöll

Ásgeir Örn Kristinsson formaður Björgunarfélags Akraness

Þetta orðatiltæki er oft notað þegar unnin eru stórvirki, sýnileg sem og ósýnileg. Þegar ómögulegum hlutum er hrint í framkvæmd. En hversu oft skyldi það gerast að einstaklingar sem og hópar flytji fjöll í þeim skilningi að framkvæma eitthvað sem næstum er ofurmannlegt?

Í nútíma samfélagi er mikið byggt upp á skipulagi og því að sem fæst sé tilviljunum háð. Þó frumkvæði sé alltaf af hinu góða þá á það ekki að þurfa í vel skipulögðum verkum. Ekkert á að koma á óvart. En þegar skipulagið hrynur, sprungur koma í plönin og kerfið frýs þá byggjast björgunaraðgerðir upp á frumkvæði og trú á að verkið takist.

Starf björgunarmanns í aðgerðum byggist að miklu leiti upp á frumkvæði, aga og trú á sjálfan sig og hópinn sem hann vinnur með. Sjaldnast eru til skipulög eða margyfirfarin reiknimódel sem geta spáð fyrir um hið ófyrirséða í okkar aðgerðum. Þjálfun björgunarsveitarmanns miðar að því marki að gera hann sjálfbjarga í sem flestum veðuráðstæðum. Bæði andlega og líkamlega þannig að þegar á staðinn er komið, sé bæði til þrek og þor til ígrundaðra ákvarðana. Einnig er mjög mikilvægt að einstaklingurinn þekki sín mörk þannig að allar líkur séu á að viðkomandi skili sér heilum heim. Góð samvinna hópsins er það sem mestum árangri skilar. Björgunarsveitafólk er sjaldnast eitt í aðgerðum. Mikilvægi þess að þekkja hlutverk sitt í hópnum, þekkja aðra hópmeðlimi, kunna að hlýða jafnt sem og að kunna að stjórna jafningjum, tryggir topp



árangur. Þegar allt þetta er til staðar, þá eru fjöll flutt. Ótrúlegustu verkefni leyst. Afrek sem komast á spjöld sögunar fyrir ósérhlífni, kunnáttu og krafta sem nánast eru óútskýranlegir.

Fyrir þá sem standa fyrir utan félagsskap björgunarsveitafólks kann þetta allt að hljóma þannig að þetta sé ekki fyrir venjulegt fólk að taka þátt í. En svo er nú ekki. Allir þeir sem ganga til liðs við þennan lífsmáta, flokkast sem venjulegt fólk sem er til í að leggja tíma og krafta af mörkum til að öðlast þá þekkingu sem þarf til.

Árið 2010 hefur verið félögum í Björgunarfélagi Akraness farsælt. Sjaldan hefur verið meira að gera í starfinu. Rúmlega fjórtíu útköll hafa verið á árinu. Tvö þeirra hafa verið fyrirferða mest. Sprungubjörgunin á Langjökli í lok janúar reyndi mjög á þrek. Aðgerðin tók yfir átta klukkutíma og þetta langur tími við sorglegar aðstæður skilur eftir sig stærra ör en ella. Slysið hefur haft töluverðar afleiðingar fyrir ferðalög á jöklum Íslands. Skyndilega áttaði fólk sig á að fannhvít snjóbreiðan gat falið lífshættulegar sprungur. Vanir jöklaferðalangar hafa nú breytt ferðavenjum sínum og ferðast með allt öðru hugarfari og öðruvísi búnir um jökla.

Gosið í Eyjafjallaljökli var einnig stórt verkefni. Allt frá því að byrjaði að gjósa á Fimmvörðuhálsi og fram yfir mesta gosið í sjálfum Eyjafjallajökli var Björgunarfélagið með mannskap og tæki á svæðinu. Fyrst við gæslu á Fimmvörðuhálsi og svo seinna lánuðum við brynvagninn okkar með áhöfn austur. Sá bill er mjög vel varin fyrir ryki, bæði er húsið vel þétt og allur innblástur vel síaður. Eins er inntaka lofts inn á vél vel síuð en dæmi voru um í öskufallinu að bílar dræpu á sér og algengt var að fólk þyrfti að keyra um með rykgrímur. Mörgum verkefnum var sinnt í þessu gosi. Gæsla á vegum, gæsla á Fimmvörðuhálsinum og á Eyjafjalla- og Mýrdalsjökli, smalanir á búfenaði, þrif á bóndabæjum og heimsóknir til íbúa á bæjum í miðju öskufalli til að kanna ástand á skepnum og fólki.

Margir heimsóttu okkur á árinu. Bæði til þess að kynna sér félagsskapinn en einnig til þess að bætast í hópinn. Taka þátt í skemmtilegu og krefjandi starfi. Stöðugur straumur er af unglíngum sem taka þátt í unglíngastarfinu. Einnig er jöfn þátttaka í nýliðastarfi sem tryggir örugga endurnýjun á útkallshópi Björgunarfélagsins sem telur rétt um 50 manns.

Stór hluti af starfsemi björgunarsveitar er að skoða Ísland. Fjölmargar ferðir eru farnar á hverju ári. 2010 var enginn eftirbátur í því. Jafnt vetur sem sumar. Mikið var farið í Akrafjallið, Skarðsheiðina, Botnssúlur og hálendið

í kring um Langjökul. Hópfærð var farin á hálendið sem kallast syðra og nyrðra Fjallabak. Allar þessar ferðir hafa það að tilgangi að skemmta félögum sem og að kynna þeim landið. Mikilvægt er að þekkja aðeins til þegar þarf að fara í útköll í vitlausu veðri en einnig er gott að hafa hugmynd um landið sem við búum í, aðeins meira en láglendið sem ekkert mál er að bruna um.

Það verður lítið úr góðum ásetningi björgunarsveitarmanna ef engin vill styrkja þá til sinna góðu verka. Ekki hefur staðið á öflugum stuðningi íbúana sem í kring um okkur eru. Hvort heldur í flugelda-, neyðarkalls- eða jólatrjáasölu eða gjöfum ýmiskonar. Á árinu hafa fjölmargar gjafir borist okkur. Félagar í Slysavarnadeildinni Líf gáfu okkur hitakönnur og hitabrusa í tilefni sjötíu ára afmælis deildarinnar. Félagskonur í Lionsklúbbum Eðnu gáfu okkur sérhæfðar sjúkrabörur. Félagskonur í kvenfélaginu Grein í Hvalfjarðarsveit gáfu okkur hjarta-stuðtæki. Félagar í Lionsklúbbi Akraness afhentu okkur peningastyrk og nú rétt fyrir jól styrkti Verkalýðsfélag Akraness okkur einnig með peningagjöf. Allar þessar gjafir bera vott um traust. Okkur er treyst fyrir því að þessum peningum sé mjög vel varið í okkar höndum. Við þökkum kærlega fyrir þetta traust.

Að fá að vera í forsvari fyrir félag eins og Björgunarfélag Akraness eru forréttindi. Mig óraði engan vegin fyrir því fyrir tuttugu og fjórum árum hversu mikið og gefandi starf það yrði að vera í björgunarsveit. Í nokkur ár hef ég haldið að nú væri toppnum náð, að þetta yrði annasam-



Litla Brúðin

KIRKJUBRAUT 2 • AKRANESI
SÍMI 431 1753 & 861 1599


Lambhagi

asta árið. En alltaf hefur það næsta toppað. Árið 2010 hefur ekki verið neinn eftirbátur hinna í því. Ótrúlegt ár, ótrúlegir atburðir og ótrúlegur stuðningur sem gerir mann auðmjúkan. Manni er falið að stýra til góðra verka einum öflugasta félagskap sem finnst á Íslandi. Afrek hafa verið unnin og öllum félögum skilað heilum heim.

Ég þakka traustið.

Fyrir hönd félaga í Björgunarfélagi Akraness sendi ég öllum bestu jóla og nýárskevður.

Starfsfólk
Arion banka
*óskar þér og þínum
gledilegrar hátíðar*



Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Hugleiðing um áramót

Halla Bergþóra Björnsdóttir, settur sýslumaður Akraness

Þegar árið er að renna sitt skeið á enda þá lítur maður oft yfir árið og hugsar um hvað vel fór á árinu og hvað hefði betur mátt fara. Ljóst er að ávallt verður þakklæti að vera ofarlega í huga. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvað við hér á Íslandi eigum í raun gott og hve þróað landið er til að takast á við þær aðstæður sem náttúruöflin skapa okkur. Í þessu starfi sem felst í því að bregðast við náttúruöflunum eða vinna að forvörnum við þeirri vá vinna björgunarsveitir landsins gott starf. Lögreglan og björgunarsveitirnar hafa átt mikið og gott samstarf í gegnum árin enda snertifletirnir margir. Virðing á báða bóga fyrir störfum hvors annars er mikilvægur þáttur í slíku samstarfi.

Hvað er það sem heldur mönnum í björgunarsveit ár eftir ár? Er björgunarsveitarmaðurinn stundum sendur í óþarfa hættuferðir? Hættir björgunarsveitarmaður oft lífi sínu? Fær björgunarsveitarmaðurinn nægjanlegar þakkir? Líklega er ekki neitt eitt svar við þessum spurningum en þau vekja okkur til umhugsunar. Í mínum huga eru björgunarsveitir einn af hornsteinum landsins. Þar fer fram mikið og gott starf. Ekki nóg með það heldur mjög óeigingjarnt starf og sjálfbodastarf. Vera ávallt viðbúinn til þess að fara í útkall hvenær sem er um hátíðir, á næturnar og í öllum veðrum. Við skulum ekki heldur gleyma framlagi fjölskyldna björgunarsveitarmanna. Það að horfa á eftir ástvinum fara út í óvissuna er ekki auðvelt heldur. Til þess að björgunarsveitarmaðurinn geti unnið starf sitt þá þurfa bakhjarlarnir að vera margir. Fyrir þessu störf ber manni að vera þakklátur.

Þegar lítið er yfir árið 2010 þá stendur uppi það björgunarafræk sem Björgunarfélag Akraness kom að á Langjökli þann 30. janúar sl., þegar ungum drengi var bjargað upp úr sprungu. Þar eins og svo oft áður mættust sorgin og gleðin á sama tíma – enginn veit sína vegferð. Það björgunarafræk stendur ekki einungis upp í mínum huga heldur er ég viss um að það á við um flesta landsmenn. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að baki slíkri aðgerð standa þaulþjálfaðir björgunarsveitarmenn, tæki og tól sem eru mjög mikilvæg fyrir björgunaraðgerðir.



Björgunaraðgerðir eru dýrar og því er ljóst að til þess að halda úti öflugri björgunarsveit þarf sveitin fjárhagslegan stuðning. Við getum lagt okkar að mörkum og tekið þátt í fjáröflunum björgunarsveitanna. Þar sem áramót nálgast og flestir kaupa flugelda til þess að kveðja gamla árið og gleðja vini og fjölskyldu, vil ég beina því til þín að kaupa flugeldana af björgunarsveitunum. Þitt framlag er mikils virði til þess að halda úti hinu öflugra og mikilvæga starfi sveitanna. Hver veit hvenær þú eða þínir þurfa á hjálp hennar að halda? Hafðu það í huga lesandi góður.

Þegar ég hugsa til Björgunarfélags Akraness kemur upp í huga minn þakklæti og um leið og ég þakka starf þeirra á árinu sem er að líða vil ég óska félaginu heillaríks og farsæls starfs á komandi ári.

Guð gefi ykkur fríðsælar hátíðir og gæfuríkt komandi ár.

Áramótablað

1. tbl. - 8. árg. - Desember 2010

Útgefandi: Björgunarfélag Akraness

Ábyrgðarmaður & ritstjóri: Ásgeir Örn Kristinnsson

Prófarkalestur: Anna Leif Elíóttir

Forsíðumynd: Sverrir Þór Guðmundsson

Umbrot og prentun: Prentmet Vesturlands



Flugeldamarkaður

Björgunarfélags Akraness

Kalmansbraut 2

Opnunartími

Þriðjudaginn 28. des. kl. 10-22

Miðvikudaginn 29. des. kl. 10-22

Fimmtudaginn 30. des. kl. 10-22

Gamlaársdag 31. des. kl. 10-16

Prettándinn 6. jan. kl. 12-18

***Munið flugeldasýninguna
og brennu á Prettándanum***



FLÖTTIR FJÖLSKYLDUR

Fjölskyldupakkarnir okkar eru meðal vinsælustu flugeldanna sem við seljum í allt það sem fjölskyldan þarf til að sjá um flotta sýningu. Þú getur valið úr

5 TRÖLLI

Eins og nafnið gefur til kynna þá er þessi tröllslega vaxinn og innihaldið eftir því. Ekki koma á smábíl ef þú ætlar að kaupa einn svona!

4 TRAUSTI

Þessi er alltaf traustur. Fullur af alls konar flugeldagóðgæti. Þú missir ekki af neinu með þessum dúndurpakka.

3 TROÐNI

Troðni hefur lengi verið með vinsælustu fjölskyldupökkunum. Troðinn af skemmtilegu flugeldadóti.

2 TRALLI

Tralli er hannaður fyrir minni fjölskyldur. Handhægur, með öllu því helsta sem þarf til að taka þátt.



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA

FIMM STÆRÐIR

FJÖLSKYLDUPAKKAR

gjum. Við höfum sett í einn kassa
úr fimm ólíkum pökkum.

1 TRÍTILL

Trítill er nýr fjölskyldupakki sem er sérstaklega hannaður með þarfir yngstu fjölskyldumeðlimanna í huga. Í þessum skemmtilega kassa eru aðeins vörur sem börn mega nota. Mikilvægt er þó að fullorðnir stjórni alltaf ferðinni.



Notum alltaf flugeldagleraugu

Sá stærsti!



FULLIR AF FJÖRI



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Slysavarnadeild Líf 70 ára

Anna Kristjánsdóttir, formaður Slysavarnadeildar kvenna Akranesi

Kvennadeild Slysavarnafélags Íslands á Akranesi var stofnuð 21. janúar 1940, deildin hefur því starfað samfleytt í 70 ár. Mállefnið sem hefur verið starfað að í gengum árin eru margbreytileg en þau hafa breyst eins og þjóðfélagið. Ég ætla ekki að rekja söguna hér en hún er mjög fróðleg og skemmtileg yfirferðar. Í tilefni af afmælinu var ákveðið að gefa deildinni nýtt nafn og lagfæra merki hennar. Að velja nafn og merki er vandaverk en við erum mjög ánægðar með útkomuna. Þetta ferli tók í raun um eitt ár þar sem ýmis nöfn komu upp. Slysavarnadeildin Líf var samþykkt um leið og það kom í umræðuna. Hendurnar í merkinu tákna í raun að hlúa að og gæta sem er ein af grunnhugsunum í okkar félagskap.

Á árinu höfum við unnið að ýmsum verkefnum og má þar nefna könnun á öryggisbúnaði barna í bílum sem gerð er við leikskólana í bænum ár hvert. Niðurstöðurnar þar voru svipaðar og þær hafa verið á liðnum árum.

Í lok maí gerðum við könnun á hjálmanotkun. Þar notuðu 26 börn af 146 ekki hjálm en hlutfallið var öfugt þegar við töldum fullorðna þar sem 124 af 150 voru ekki með hjálm. Hér þarf hugarfarsbreytingu. Lítum á hjálminn sem jafn sjálfsagðan og bílbeltin. Við fullorðna folkið þurfum líka að hugsa um að við erum fyrirmyndir barnanna okkar.

Í vor fengum við Tryggingamiðstöðina í lið með okkur, en þeir gáfu okkur reykskynjara sem við færðum síðan öllum nemendum í 10. bekkjum Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla. Við þökkum Tryggingamiðstöðinni höfðinglega gjöf þeirra. Þeir tóku okkur strax einstaklega vel. Krakkarnir voru áhugasamir og ánægðir með gjöfina og ég vona svo sannarlega að reykskynjararnir hafi verið festir upp í herbergjunum þeirra. Við vorum mjög ánægðar með þetta verkefni. Mig langar að minna ykkur krakkar og alla aðra á nauðsyn þess að setja nýja rafhlöðu í reykskynjarana nú í desember og gera það að venju einu sinni á ári.

Nú á haustdögum erum við búnar að gefa öllum börnum í leikskólunum og grunnskólunum hér á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit endurskinsmerki. Þetta er fjölmennur hópur og vonum við að þau séu dugleg að nota endurskinsmerkin.

Við höfum stutt við starfsemi Björgunarfélags Akraness í gengum árin. Og saman höfum við unnið að ákveðnum verkefnum. Nú á jólaföstunni höfum við í Slysavarnadeildinni unnið að því að búa til leiðisgreinar og krossa sem félagar okkar í Björgunarfélaginu selja svo fyrir okkur samhliða jólatrésölunni. Þetta er mjög ánægjuleg og gefandi vinna og við eigum í okkar hópi konur sem eru einstakar fönðurkonur og það skilar sér í mjög vel þessu verkefni. Þessi fjáröflun okkar vegur mjög þungt í því sem við erum að gera.



Félagsaðstaðan okkar í Jónsbúð við Akursbraut er leigð út fyrir fundi og veislur, þar er einnig spiluð félagsvist á fimmtudagskvöldum yfir vetrarmánuðina. Að því hafa staðið sömu konurnar árum saman og þær eiga dyggan hóp af góðu fólki sem mætir hjá þeim til að spila og njóta þess að vera saman.

Við höldum félagsfundum okkar einu sinni í mánuði. Einnig gerum við okkur ýmislegt til skemmtunar til að efla félagsandann.

Við þökkum öllum þeim sem hafa stutt við bakið á okkur í gegnum árin, stuðningur ykkar skiptir miklu máli.

Við sendum Akurnesingum og nærsveitamönnum okkar bestu óskir um gleðileg jól og áramót. Megi nýja árið færa ykkur bjarta og góða daga. Gætum öryggis og förum varlega í leik og starfi.



Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu þessa blaðs

Úra og skartgripaverslun
Guðmundur B Hannah

Sjúkrahjálfun Georgs
Janussonar

Smurstöð Akraness

BÓB sf vinnuvélar

Mozart hársnyrtistofa

Rakarastofa Gísla

Nessport

Gullsmiður Dýrfinna
Torfadóttir

Emelía útgerð ehf

Ebbi útgerð ehf

G.B. Magnússon ehf

Keilir ehf

Skagaverk hf

Verslun Einars Ólafssonar

Landmælingar Íslands

Galito veitingastaður

Skipasmíðastöðin

Þorgeir og Ellert hf

Skaginn hf

Pípulagningaþjónustan ehf

Gamla Kaupfélagið ehf

Ozone sportvöruverslun



Gleðilega hátíð



Við óskum íbúum Vesturlands
gleðilegrar hátíðar og gæfuríks
komandi árs, með þökk fyrir
viðskiptin á árinu sem er að
líða.

Kveðja,
starfsfólk Íslandsbanka
á Akranesi

Tanja Björk

Fæðingarár: 1996. Skóli: Heiðarskóli í Leirásveit

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni? Mig langaði bara að prófa :)

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu? Þegar við fórum í Skorradal! Þá kynntist ég krökkunum betur.

Júliana Karvelsdóttir

Fæðingarár: 1996. Skóli: Brekkubæjarskóli

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni? Af því að mér finnst gaman að útivist, og líka af því að bróðir minn var í unglिंगadeildinni og er núna kominn í björgunarsveitina og var alltaf að tala um hvað það væri gaman í öllum ferðum og svona. Þannig að ég ákvað að prufa :).

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu?

Mér finnst yfirleitt allt sem við höfum gert verið skemmtilegt. t.d. var Skorradalsferðin sem við fórum í núna í október mjög skemmtileg, þar var farið í leiki o.fl. svo er þetta bara góður félagsskapur :).

Kristinn Gauti Gunnarsson

Fæðingarár: 1995. Skóli: Grundaskóli

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni?

Ég ákvað að fara í unglिंगadeildina af því að fyrir 2 árum þá lenti ég í alvarlegu slysi uppi í Akrafjalli og braut m.a. úlnliðsbein og viðbein. Eftir að hafa farið í björgunarsveit hef ég til dæmis lært heilmargt um skyndihjálpar og klifur.

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu?

Ég hef verið í unglिंगadeild í 1 og 1/2 ár og það skemmtilegasta var Landshlutamótið í Vestmannaeyjum og Gufuskálaferðin en þar fékk maður að prófa margt nýtt og skemmtilegt og kynntist líka fullt af krökkum úr öðrum sveitum.

Freyja Kristjana Bjarkadóttir

Fæðingarár: 1995. Skóli: Grundaskóli

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni?

Langaði að prufa það bara :)

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu?

Fannst alveg ógleymanlegt og mikil upplifun að fara á Gufuskála á útilífnámskeiðið, svo að fara í Skorradal og á Gufuskála með Arnes, fara að sigla og margt fleira :), finnst bara eiginlega allt mjög skemmtilegt !:)

Ungling

Alex Örn Hrólfsson

Fæðingarár: 1995. Skóli: Brekkubæjarskóli

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu?

Það er svo erfitt að velja hvað hefur verið skemmtilegast en til dæmis Ratleikurinn með krökkunum frá Mosó, það voru skemmtilegar þrautir eins og að henda flösku í bala fyrir stig og líka þegar við þurftum að leika hluti og hinir að giska.

Kristín Releena Jónasdóttir

Fæðingarár: 1995. Skóli: Brekkubæjarskóli

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu?

Útilífnámskeiðið á Gufuskálm fannst mér ótrúlega skemmtilegt, en annars er flest allt skemmtilegt, líka bara gaman að prófa allt sem starfið hefur uppá að bjóða og þar finnur maður alltaf einhver eitthvað við sitt hæfi. Það sem er eiginlega skemmtilegast er bara að kynnast öllum krökkunum.

Adda Malín

Fæðingarár: 1995. Skóli: Grundaskóli

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni?

Fóru bara svo margir á kynningarfund þannig ég fór líka og þetta var bara nokkuð gaman þannig ég ákvað að halda áfram.

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu?

Svo margt að velja úr, en aðallega eru það nú allar ferðirnar sem við höfum farið í. Eins og síðasta Skorradalsferð, allir nema Bjössi pirraðir þegar að við vorum vakin upp klukkan 2 um nóttina til að leita af flugdreka sem Bjössi fann svo og hætti ekki að monta sig. En svo voru forleikarnir líka frekar skemmtilegir þar sem við fórum í ýmsar keppnir og enduðum daginn á því að fara í hoppikastalana og vatnsslag. :)

Íris Jana Ásgeirsdóttir

Fæðingarár: 1995. Skóli: Heiðarskóli, Hvalfjarðarsveit

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni?

Margir í fjölskyldunni minni eru meðlimir í Björgunarfélaginu og mig langaði bara að prófa og ég hef líka áhuga á þessu :)



nordanfiskur



adeildin

Sævar Berg Sigurðsson

Fæðingarár: 1995. Skóli: Grundaskóli

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni?

Fór í skemmtilega kynningu í 8.bekk og ákvað að prófa.

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu ?

Allar Skorradals ferðirnar, allir fundirnir og svo útivistanámskeið í sumar. Námskeiðið var haldið á Gufuskálum á Snæfellsnesi. Námskeiðið er í fimm daga og er lært um útivist. Krakkar allstaðar af landinu koma saman á námskeiðið.

Ragnheiður Eva Guðmundsdóttir

Fæðingarár : er fædd árið 1996

Skóli : ég er í Grundaskóla :)

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni:

Heyrði að þau væru að gera margt skemmtilegt og langaði bara að prófa eitthvað nýtt og skemmtilegt.

Hvað hefur þér fundist skemmtilegast í starfinu:

Úff, það er svo margt . . . eins og þegar við fórum í Skorradal, að kafa með súrefniskúta í Bjarnalaug, þegar við fengum fólkið frá Mosó í heimsókn og ég og fleiri vöknudum klukkan 4 til þess að krota framan í fólk sem endaði með því að margir vöknudu og við fengum að þrifa klósettin og skúra í refsingu haha. Svo er það bara margt skemmtilegt sem við gerum á fundum og hvet ég alla til að prófa, því þetta er bráðskemmtilegt og maður kynnist helling af nýju fólki :)

Jóhanna Ösp

Fæðingarár: 1996. Skóli: Grundaskóli

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni?

Bara uppá gamanið :)

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu?

Þegar við fórum að kafa eða þegar við sigum og svo klárlega þegar Kyndill kom! Á gistingu með Kyndli eignaðist ég bara nokkra nýja vini og það var bar fjör og sérstaklega þegar við krotuðum framaní alla.

Halla Jónsdóttir

Fæðingarár: 1996. Skóli: Brekkubæjarskóli

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni?

Hafði heyrð góða umfjöllun um þetta og langaði bara að prufa upp á gamanið, sé nú ekkert eftir því heldur.

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast í starfinu?

Þegar við fórum að kafa í Bjarnalaug og heimsóknin frá Mosfellsbæ stendur svona mest uppúr alltaf gaman að hitta nýtt fólk og gista með svona mörgum jafnöldrum sínum og sérstaklega þá að krota á þá eins og mér og Ragnheiði datt í hug en fengum líka væga refsingu fyrir það.

Eiður Daði Bjarkason.

Fæðingarár: 1996. Skóli: Grundaskóli.

Af hverju ákvaðstu að taka þátt í unglिंगadeildinni?

Félagslífið og svo fullt af nýjum og skemmtilegum hlutum til að prufa.

Hvað hefur þér þótt skemmtilegast?

Þegar við fórum að síga og Skorradalsferðin svo líka bara að kynnast nýju fólki... :)



*Starfsfólk Líflands óskar Landsmönnum
öllum árs og friðar*

Gamlir félagar hittast

Jón Óskar Ásmundsson, Heiðar Sveinsson og Sigurður Vésteinsson

Þeir Heiðar Sveinsson, Jón Óskar Ásmundsson og Sigurður Vésteinsson eiga það allir sameiginlegt að hafa verið virkir þátttakendur í björgunarstarfi á Akranesi í áraaðir. Þeir störfuðu með Björgunarsveitinni Hjálpinni, sem árið 2000 sameinaðist Hjálparsveit Skáta á Akranesi í það sem nú heitir Björgunarfélag Akraness (BA). Við tókum félagana tali og fengum að forvitnast um starfið í Hjálpinni á árum áður.

Björgunarsveitin Hjálpin var stofnuð árið 1928, sama ár og Slysavarnafélag Íslands var stofnað. Þegar Sigurður gekk til liðs við sveitina árið 1963 hafði hún legið í dvala um nokkurra ára skeið en það ár tóku nokkrir vaskir Skagamenn sig til og hleyptu í hana lífi að nýju. Sigurður starfaði óslitið í sveitinni fram til ársins 2000 þegar sameining björgunarsveitanna á Akranesi gekk í gegn. Heiðar kom inn í sveitina árið 1973 og fór í sitt síðasta útkall árið 2003 en hefur þar að auki verið skoðunarmaður reikninga hjá BA fram til dagsins í dag. Jón Óskar var virkur meðlimur Hjálparinnar á árunum 1975-85, eða þar til hann fluttist af landi brott tímabundið.

Hvernig var starf Hjálparinnar byggt upp?

Sigurður: Þegar ég byrjaði í sveitinni 1963 þá hafði hún verið í lægð í dágóðan tíma. Fyrstu árin þá var þetta bara einn hópur sem sinnti þeim verkefnum sem komu upp. Það var ekki fyrr en síðar að stofnaður var landflokkur, sjóflokkur og bílaflokkur og einhver örlítill sérhæfing fór að byggjast upp eftir áhugasviðum hvers og eins.

Heiðar: Þetta voru þó ekki það margir einstaklingar að hægt væri að stóla á flokkaskiptinguna eingöngu. Það voru í kringum 10 manns sem skipuðu þéttasta kjarnann og hægt var að stóla á að mættu í flest útköll. Þar að auki var um 10-15 manna hópur sem mætti af og til. Oft þurfti því að vinna þvert á flokka til að láta hlutina ganga upp. Það gekk nú yfirleitt vel þar sem mannskapurinn þekktist vel og þekkti styrkleika og veikleika hvers annars.


Hvernig var þjálfun björgunarsveitarmanna háttað í þá daga?

Heiðar: Það var ekki svona gott skipulag í kringum þjálfunarmál eins og tíðkast í dag. Það voru engin skyldunámskeið sem þurfti að ljúka þegar fólk starfaði í björgunarsveit. Það var eitt og eitt námskeið sem menn sóttu. Einhvern tímann fór sjóflokkurinn til Skotlands á námskeið og einhverju síðar fór hópur á fjallabjörgunarnámskeið líka til Skotlands. En annars var lítið um formleg námskeið.

Sigurður: Þetta var nokkuð frjálst. Menn reyndu að afla sér þekkingar á þeim sviðum sem þeir höfðu mestan áhuga á. Síðan voru æfingar innan svæðisins einu sinni á ári, en þá var landinu skipt niður í svæði á svipaðan hátt og gert er í dag. Þar að auki voru landsæfingar haldnar einu sinni á ári. Þetta var uppistaðan í þeirri þjálfun og menntun sem stóð til boða á þeim tíma.

Heiðar: Það var kannski af þessum sökum sem sumir entust ekki lengi í björgunarsveitunum á þessum tíma. Menn lentu í alls konar aðstæðum í útköllum sem þeir





Tertukassinn

6
stk



6 flottar smáturtur sem enginn verður svikinn af. Þær eru afhentar í þessum hentuga kassa.



réðu misvel við, bæði þjálfunarlega og ekki sist sálarlega. Eftir erfið útköll þá var ekki óalgengt að einhverjir heltust úr lestinni.

Áfallahjálp hefur væntanlega ekki þekkt á þessum tíma?

Heiðar: Það orð var bara ekki til. Fólk fékk enga faglega aðstoð þó stundum hafi ekki veitt af. Ég sótti námskeið í áfallahjálp í safnaðarheimilinu sem tók einn dag. Það var það eina.

Sigurður: Tíðarandinn var þannig að þessir hlutir voru ekkert ræddir, ekki einu sinni innan hópsins. Þetta hefur breyst mikið síðan þá, sem betur fer.

En hvernig tókst að fjármagna sveitina á þessum tíma?

Sigurður: Það gat verið óttalegt bras. Við gerðum ýmislegt til að safna peningum. Við prófuðum einu sinni að selja fisk. Þá fengum við fisk niðri í frystihúsi, keyrðum með hann í kerru um bæinn og buðum fólki til sölu. Við flökuðum þetta á staðnum og bæjarbúar tóku þessu mjög vel. Síðan vorum við lengi í netaafskurði sem gaf vel af sér.

Heiðar: Við hættum fljótlega að ganga í hús og betla því okkur þótti betra að finna okkur einhver verkefni og safna pening með þeim hætti. Netaafskurðurinn var lengi vel okkar eina fasta fjáröflun þar til við fórum að selja jólatré í kringum 1980. Við seldum þau fyrst á planinu fyrir aftan Kaupþing, en Hjálpin var með aðstöðu í húsinu sem hýsir Verkalýðsfélagið núna. Þessar föstu fjáraflanir dugðu fyrir þessum daglega rekstri, oftast nær.

Jón Óskar: Það þurfti þó oftast sér átak ef það þurfti að kaupa einhvern sértækan búnað, eins og til dæmis talstöðvar. Þá þurftum við oft að leita til fyrirtækja og einstaklinga um styrki. Það gekk upp og ofan en tókst yfirleitt á endanum.

Er einhver sérstakur tími sem stendur upp úr í ykkar starfi?

Sigurður: Árin frá 1980-86 standa upp úr hjá mér veðurfarlega séð. Í minningunni þá gengur margar djúpar lægðir yfir á þessum árum. Það urðu meðal annars tvö flugslys á þessum tíma, annað á Holtavörðuheidi 1981 og hitt í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi 1986.

Jón Óskar: Það var mjög umfangsmikil leit gerð að TF-ROM árið 1981. Leitinn hófst á þriðjudegi fyrir páska og við komum ekki heim fyrr en á föstudaginn langa. En þrátt fyrir fjölmenna leit þá bar hún engan árangur fyrr en í júní sama ár. Þá fannst vélin sunnan við Holtavörðuheidi, örfáum kílómetrum frá veginum. Það voru fjórir um borð í vélinni og þeir létust allir.

Heiðar: Vélin hefði átt að finnast mikið fyrr því að leitarsvæðið var í kringum Arnarvatns- og Holtavörðuheidi í byrjun. En svo bærust nýjar upplýsingar um að vélin hefði sést í Skagafirði og því var allur mannskapur sendur að leita á svæðinu milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Leitinn bar eðlilega engan árangur þar.

Eru einhver önnur minnisstæð útköll frá þessum tíma?

Sigurður: Þýskur ferðamaður hrapaði til bana við ljósmyndatöku í Glymsgili árið 1985. Þetta var í júní og við vorum sendir að ná í líkið. Þetta var ansi erfið ferð og tók langan tíma enda hafði hann fallið niður nánast í botni gilsins. Það voru c.a. 50 metrar eftir inn í botn þar sem hann lá. Það var talið að þetta væri í fyrsta skipti sem svo langt var farið inn í gilið. Svo vitað sé að minnsta kosti.

Heiðar: Áin var að vísu ekki vatnsmikil en það var hylur fyrir neðan þar sem hann lá og stór steinn sem skipti árfarveginum. Þar lá hann fyrir ofan smá flúð og við vorum tveir sem fórum til að koma honum niður fyrir hylinn. Þetta ferðalag tók í kringum 10 tíma og útbúnadurinn var ekki beinlínis heppilegur í þessum aðstæðum. Við vorum bara í okkar útivistarfatnaði sem samanstóð af lopapeysu og göngubuxum. Maður var ekki lengi þurr í slíkum klæðum.

Hvernig var boðun í útköll háttáð á þessum tíma?

Sigurður: Það var hringt í formann sveitarinnar ef það kom útkall á okkar svæði. Það var búið að raða sveitinni niður í minni hóp og yfir hverjum hóp var einn tengiliður sem formaðurinn hafði samband við. Tengiliðirnir hringdu svo í hina hópmeðlimina. Ef þeir svöruðu ekki síma þá var haft upp á þeim með öðrum leiðum og það kom fyrir að það væri bankað upp á um miðja nótt og menn ræstir. Þetta fyrirkomulag gekk ótrúlega vel og viðbragðstími sveitarinnar var almennt mjög góður.

Hvað með ferðir? Er einhver ferð sem stendur upp úr í minningunni?

Jón Óskar: Það er nú líklega ferðin sem var farin upp á Hagafellsjökul. Það varð mikið framhlaup í jöklinum árið 1980 og góður hópur ákvað að fara og kynna sér þetta nánar. Það var búið að vera mjög gott veður í vikunni á undan og spáin var góð en þegar nær dró helginni þá fór að rigna. Við fórum aðeins upp á jökulinn en það rigndi svo svakalega að ég man ekki eftir öðru eins. Þegar við komum svo niður í Hagavatnsskála þar sem við ætluðum að gista þá voru allir gegnvotir frá hvirfli til ilja. Það þýddi því lítið annað en að svipta sig klæðum sem við gerðum fyrir utan skálann áður en við gengum inn. Einn úr hópnum reif sig úr öllum fötum og arkaði svo inn í skálann en þar tók á móti honum franskt þar sem hafði gert sig heimakomið í skálanum. Stúlkan var ansi fljót að snúa sér á hina hliðina og þykjast sofa þegar hún sá hvers kyns var.

Það er oft sagt „Eitt sinn skáti, ávallt skáti!“. Fylgist þið með störfum björgunarsveitanna í dag?

Jón Óskar: Ég fylgist með í gegnum syni mína tvo sem eru í Björgunarfélaginu í dag. Ég hef gaman af því að fylgjast með starfinu úr fjarlægð.

Heiðar: Maður hættir aldrei að fylgjast með þessu enda var þetta stór partur af lífi manns í mörg ár. Það er ómögulegt að kúpla sig alveg út úr þessu.

Sigurður: Ég er sammála því. Maður fylgist alltaf með og það er gaman að sjá hversu vel björgunarsveitirnar eru að standa sig í dag.



Björgum áramótunum!

Troðfullir sölustaðir af frábærum flugeldum



RISA RAKETTUR

KAKA ÁRSINS ER SVAKALEGI!

FRÁBÆRIR FJÖLSKYLDU PAKKAR Í MÖRGUM STÆRÐUM

NÝR KRACKA TRÍTILL

MAGNAÐIR BARDAGAR!

NÝIR ENNBETRI KAPPAR

Flugeldasalan er ein mikilvægasta fjárföflun björgunarsveitanna. Sýnum stuðning í verki!



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Notum alltaf flugeldagleraugu!

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Kæru hetjur

í Björgunarsveitinni Brák Borgarnesi og Björgunarfélagi Akraness og allir hinir í öllum hinum björgunarsveitunum út um allt land

Þetta byrjaði allt þannig að ég, filhraust konan ásamt 4 filhraustum karlmönnum ákváðum að taka létta sunnudagsgöngu á Hafnarfjallið. Ganga á þessa 9 tinda svona okkur til gamans þar sem við erum jú öll þrælön fjallgöngum út um allt land. Veðurspáin var fin, heiðskirt en smá gola. Allt gekk vel fyrir utan smávægilegan vind á 6. og 7. tindi. Aðeins meiri vindur heldur en við vorum vön. Stundum þurftum við virkilega að taka á honum stóra okkar til að halda bara jafnvægi. En svo uppá 8. tindi, Gildalshnúki, þeim hæsta þarna á svæðinu, komu alveg hreint fáránlegar vindhviður. Við urðum tvö eftir þarna uppi á tindinum. Hinir náðu að komast niður fyrir tindinn og í skjól. Vindhviðurnar urðu svo sterkar og öflugar að þær náðu að feykja okkur um koll og þurftum við að halda í hvort annað til að fjúka bara ekki af tindinum. Í smástund gátum við ekkert hreyft okkur. Héldum jafnvel í steina, slíkur var atgangurinn. Svo lægir aðeins og Gauti kemst í skjól en ég verð eftir. Er komin á fjóra fætur og er að stíga í hægri fót. Þá kemur þessi svakalega vindhviða og feykir mér um koll og við það snýst upp á fótinn. Kræstur hvað þetta var sárt en ég var samt alveg viss um að ég hefði bara tognað og í versta falli slitíð liðband eða eitthvað svoleiðis. Jæja svo kemst ég þarna niður af toppnum á rassinum og þá byrjar ballið. Ég fór niður um 2-300m á öðrum fæti, hoppandi með hraustu mennina mér við hlið, þar sem ég hélt í þá og hékk á þeim til skiptis. Og dísess hvað það var vont. Gat auðvitað ekkert stigið í brotna fótinn og svo var hann alltaf að slást í bæði í strákana og eins í grjót. Fór reyndar einnig á bakinu á Gauta og Bigga, í kóngastól og eins voru fleiri leiðir reyndar. Eins og t.d. renna á rassinum niður snjóbrekkurnar en samt þannig að ég færi ekkert of hratt. Til þess að koma í veg fyrir það var göngustafur þræddur í bakpokann hjá mér til að hemja ferðina á minni. Oft á tíðum var þetta ansi skrautleg niðurfærð.

Anyways. Markús og Friðbi hringdu nánast strax á 112 þegar við sáum að ég var ekkert að meika neitt langa vegalengd. Og á meðan björgunarliðið var að græja sig þá komumst við niður þessa óendanlega löngu metra. Þetta brölt tók að mig minnir um tvo tíma eða svo. Þegar þangað var komið þá upphófst smá bið og í smástund gátum við fylgst með hvar hópur frá Björgunarsveitinni Brák í Borgarnesi og Björgunarfélagi Akraness kom fótgangandi. Ekki glæta að hægt væri að senda inn fjórhjól né neitt slíkt. Aðstæður voru þannig að þarna eru ekkert nema snarbrattar hlíðar með skriðum og lækjum. Þegar þarna var komið sögu og um leið og björgunarliðið náði til okkar, vildu þau fá að kíkja á fótinn. Þá fyrst sáum við að fóturinn var stokkbólgin og ökklinn komin út á hlið, óged! Þá var míns græjuð í börur, dúðuð með endalaust af teppum, vettlingum, lopasokkum og Prima loftúlpum sem björgunarliðið reif utan af sér. Vá hvað þau voru öll boðin og búin að hjálpa. Svo byrjaði gangan og sjæse hvað ég var fyrst hrædd um að þau myndu missa píuna.



En eftir smástund fann ég fyrir svakalega miklu trausti til þeirra. Það var greinilegt að þarna var vant fólk á ferð. Sífelld var skipst á og það á ferð, að bera mig, sjúklinginn, og allt gekk þetta mjög svo fumlaut hjá þeim. Enda var mér sagt það eftir á að það hefði reynst oft á tíðum fáránlega erfitt að bera mig, fysið, vegna þess hversu brattar hlíðar og skriður eru þarna. Á leiðinni voru þau öll sífelld að athuga með líðan mína og umhyggjan frá þeim var greinileg. Frábærlega gott fólk þarna á ferð.

Þegar búíð var að ganga í dágóðan tíma kom annar hópur á móti okkur og í þetta skiptið frá Björgunarfélagi Akraness með börur sem eru þeim kostum búnað að vera með einu hjóli undir sem gerir allan burð auðveldari. Þá þarf ekki að bera eins mikið heldur bara að halda við. Börurnar sem ég var á voru settar uppá þessar ofurbörur. Þarna var mér orðið skuggalega kalt, slík var vindkælingin. Börurnar léku víst á reiðiskjálfi þar sem ég titraði svo svakalega. Þegar ég var komin á hjólabörurnar þá hætti ég víst að titra og hætti að svara þeim. Þá var þeim víst hætt að lítast á blikuna og kallað var á sjúkrabíl fyrir drottninguna. Alla veganna til að gera langa sögu stutta þá endaði þessi sunnudagsganga sem átti að vera bara svona easy og þægileg ganga á þann veg að þeir Biggi, Gauti, Friðbi og Markús fengu alveg að finna fyrir því. Þeir tóku fullan þátt í burðinum á konunni á sjálfan konufrídaginn og gangan sem átti að vera ca. 6 tímar varð að 10.5 tíma göngu með sjúkling! Eftir stífa keyrslu með sjúkrabíl á slysadeildina í Fossvoginum varð úr að unga konan (ég) hafði tekist á einhvern ótrúlegan hátt að brjóta bein (fibula) rétt fyrir ofan ökkla og endaði þar með þennan sunnudag í gífsi þar sem ég má alls ekkert stíga né tylla í, í tvær vikur. Já takk verð í gífsi a.m.k. í 6 vikur.

Ef ekki hefði verið fyrir hið frábæra fólk sem vinnur svo óeigingjarnt starf og er ávallt til taks, nótt sem dag, allan ársins hring, þá hefði vafalaust farið heldur illa fyrir konunni sem vindhviðan feykta á Hafnarfjallinu 24. október 2010.

*Endalausar þakkir fráþæru hetjur!
Kv. Ásthildur Björnsdóttir*

ÞÚ FINNUR INNRI FRID Á FJÖLLUM!

 **Black Diamond**

Fjallaskíði-skinn, og stafir

 **SCARPA**

Fjallaskíðaskór

 **DIAMIR**
FRITSCHI SWISS

Fjallaskíðabindingar



Snjóflóðaýlar o.fl.

við erum með réttu græjurnar

við erum á [facebook](#) • [twitter](#)

www.fjallakofinn.is

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfirði • sími 510 9505

Eigandi: Halldór Hreinsson

Vegleg gjöf frá félögum í kvenfélaginu Grein

Félagar í kvenfélaginu Grein í Hvalfjarðarsveit færðu Björgunarfélagi Akraness hjartastuðtæki að gjöf á árinu. Það kemur sér vel í starfi björgunarsveitar að eiga búnað sem þennan. Til viðbótar þeim eiginleikum að gefa hjartastuð þegar þarf, gefur tækið góðar upplýsingar um hjartslátt sjúklings. Margir þeir sem björgunarsveit aðstoðar eru orðnir mjög kaldir og þar af leiðandi getur reynst erfitt að greina hjartslátt. Einnig kemur þessi búnaður sér vel þegar Björgunarfélagið tekur að sér að sjá um sjúkragæslur á mannamótum. Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar var við sama tækifæri gefið GPS tæki í bíl.



Við afhendingu gjafarinnar: Þráinn Ólafsson slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar, Þór Bínó Friðriksson B.A. og Svandís Stefánsdóttir og Anna Leif Elísdóttir kvenfélaginu Grein.

Útköll 2010

Óvenju mörg útköll voru á árinu 2010. Eins og venjulega voru þau jafn misjöfn eins og þau voru mörg. Hér að neðan er upptalning á þeim og stutt lýsing. Sum þessara verkefna leystust fljótt, nokkur án þess að mannskapur færi út úr húsi. Önnur voru tímafrek. Frá því að vara í tólf tíma eða meira og eitt sem stóð í eina viku. Það var gosið í Eyjafjallajökli. Þar var Björgunarfélagið með áhöfn og bíl (bryndrekinn) sér útbúinn til að keyra í miklum rykmekki (öskufalli).

Óveðursaðstoð

Óveðursútkall 21. janúar 2010

21. janúar 2010

Útkall F3 / Grænn

Aðstoðarbeiðnum á Akranesi sinnt.

Meðal verkefna var að festa bárujárnsplötur á þaki, fergja og hlaupa uppi fjúkandi hluti.

Akur 2 og Akur 3 ásamt dágóðum hóp voru sendir í verkefnin.

Leit að manni

22. janúar 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að manni í Botnsdal.

Tíu manna hópur fór til leitar.

Maður og barn í sprungu á Langjökli

30. janúar 2010

Útkall F1 / Rauður

Maður og barn fast í sprungu á Langjökli.

Tuttugu manns sinntu aðgerðum á og við jökul á tveimur bílum.

Leit á Langjökli

14. febrúar 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að konu og barni á Langjökli.

Akur 1 og Akur 2 sendir uppá Langjökul frá Jaka með átta manns í áhöfnum.

Slæmt skyggni og leiðinleg færð.

Aðstoð í ófærð

25. febrúar 2010

Útkall F3 / Grænn

Bill fastur í Skorradal, mikið um fasta bíla í og við Akranes, aðstoð í Hvalfirði, Svinadal, Leirársveit, Melasveit og inná Hagamel.

Um hundrað og þrjátíu aðstoðabeiðnir bárust til Björgunarfélagsins.

Fjórtán manns sinnti verkefnunum á þremur bílum og snjóbíl.

Leit að manni

5. mars 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að manni í og við Hveragerði.

Akur 3 sendur af stað með sjö manna leitarhóp.

Aðstoð við eldgos í Eyjafjallajökli

Akur 4 í Drangshlíð 17. apríl 2010

15. apríl 2010

Útkall F3 / Grænn

Aðstoð við eldgos í Eyjafjallajökli.

Fjórir björgunarmenn fóru í Akri 4 sem er sérhæft tæki til að keyra í öskumekki.

Slasaður maður í Esjunni

16. apríl 2010

Útkall F2 / Gulur

Þrjár undanfarar sendir til aðstoðar.

Smölun á hrossum undir Eyjafjöllum

17. apríl 2010

Útkall F3 / Grænn

Tíu manna hópur fór til aðstoðar við smölun á hrossum og til þess að sinna öðrum verkefnum á þeim slóðum sem öskufallið var mest.

Slasaður maður í Skarðsheiði

24. apríl 2010

Útkall F2 / Gulur

Maður rann niður skriður og slasaðist í Skarðsheiði. Akur 1 ásamt hóp af björgunarmönnum sendur á staðinn.

Leit í Reykjavík

6. maí 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að manni í Reykjavík. Akur 1 sendur til RVK. með 6 björgunarsveitarmenn og reiðhjól.

Akur 3 sendur seinna af stað til RVK. með 9 björgunarsveitarmenn.

Slasaður maður í Skarðsheiði

15. maí 2010

Útkall F2 / Gulur

Maður á „krossara“ slasaðist í Skarðsheiði.

Þrjár menn fóru með Akri 1 sem fyrsta bíl frá Akranesi.

Akur 2 var sendur seinna af stað með þrjá menn.

Slasaður maður í Esjunni

16. maí 2010

Útkall F1 / Rauður

Maður féll nokkra metra við Heljaregg í Esjunni og slasaðist.

Fjórir undanfarar og bílstjóri sendir á Akri 1.

Bátur dottinn úr tilkynningarskyldunni

20. maí 2010

Útkall F2 / Gulur

Bátur dottinn úr tilkynningarskyldunni.

Þrjár björgunarmenn á björgunarbátnum Margréti Guðbrandsdóttur sendir til aðstoðar.

Slasaður maður sóttur upp í Esju

17.06.2010

Útkall gulur

Slasaður maður sóttur upp í Esju.

Fjórir undanfarar fóru til aðstoðar.

Kafari drukknar í Silfru á Þingvöllum

19.06.2010

Útkall rauður Kafarar.

Kafari drukknar í Silfru á Þingvöllum.

Fjórir kafarar sendir til aðstoðar.

Fótbrotin kona við Glym

20. júlí 2010

Útkall F2 / Gulur

Sækja fótbrotna konu inn í Glymsgil.

Tíu björgunarmenn sendir til aðstoðar.

Leit á Leggjarbrjót

22. júlí 2010

Útkall F2 / Gulur

Leita að konu á Leggjarbrjóti. Hafði slasast þegar hún féll af hestbaki.

Sex björgunarmenn sendir til aðstoðar.

Aðstoð við bát

22. Júlí 2010

Útkall F2 / Gulur

Aðstoða lítinn bát undan Kjalarnesi.

Þrjú menn á björgunarbátnum Margréti Guðbrandsdóttur sendir til aðstoðar.

Leit að manni

27. júlí 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að manni á Fellströnd í Dalasýslu.

Sjö manna leitarhópur fór til leitar.

Aðstoð við lögreglu

1. ágúst 2010

Útkall F3 / Grænn

Aðstoða lögreglu inn í Grunnafirði.

Þrjú björgunarmenn fóru á gúmmibát.

Leit að barni upp á Bifröst

3. ágúst 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að barni við golfvöllinn á Bifröst.

Eldur í bát

9. ágúst 2010

Útkall F1 / Rauður

Eldur í báti undan Kjalarnesi.

Þrjú menn á björgunarbátnum Margréti Guðbrandsdóttur sendir til aðstoðar.

Leit í Borgarnesi

12. ágúst 2010

Útkall F3 / Grænn

Leit að konu í Borgarnesi.

Tuttugu manna leitarhópur fór til leitar.

Leit í Borgarnesi

13. ágúst 2010

Útkall F3 / Grænn

Áframhaldandi leit að konu í Borgarnesi.

Tuttugu og fimm manna leitarhópur fór til leitar.

Slasaður göngumaður á Hrútsfelli

21. ágúst 2010

Útkall F2 / Gulur

7 undanfarar og einn bílstjóri sendir af stað á Akri 3 til að aðstoðar göngumanni sem slasaðist á Hrútsfelli.

Leit að manni

28. ágúst 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að manni í Svínadal.

Tólf manna hópur björgunarmanna hélt til leitar á þremur bílum.

Aðstoð við Gönguhóp

28. ágúst 2010

Útkall F2 / Gulur

Óskað eftir aðstoð við gönguhóp sem var fastur í sjálfheldu inn á Hafnardal.

Fjórir björgunarmenn fóru til aðstoðar.

Leit að manni

8. september 2010

Útkall F1 / Rauður

Leit að manni á Langasandi.

Leit að bát í Hvalfirði

11. september 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að bát í Hvalfirði austan við Grundartanga.

Sex björgunarmenn og tveir kafarar fóru til aðstoðar á tveimur bátum.

Leit að manni

12. september 2010

Útkall F2 / Gulur

Leit að manni á Hverafjalli milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðar.

Fimm manna leitarhópur fór til aðstoðar.

Leit að manni

2. október 2010

Útkall F3 / Grænn

Sex björgunarmenn á þremur bílum keyrðu vegi Sunnan Skarðsheiðar.

Aðstoða gönguhóp

24. október 2010

Útkall F3 / Grænn

Aðstoða gönguhóp í Hafnarfjalli.

Kona sneri sig á fæti á Hafnarfjalli.

Þrettán björgunarmenn fóru á tveimur bílum. Akur 1 og Akur 2.

Aðstoða bíl við Skarðsheiði

12. nóvember 2010

Útkall F3 / Grænn

Aðstoða bíl sem var fastur í Leirá við Skarðsheiði.

Þrjú menn voru sendir á Akri 1 til að losa bílinn og var bíllinn dreginn niður á þjóðveg.



Thai-A
Restaurant / Take away
S: 578~9595



Bjarnastaðir ehf.



protech
HIJÓÐKERFALEIGA

Ef ég týnist

Kjartan A. Þorsteinsson

Hvernig ætti ég að bregðast við?

Engin tvö leitarútköll eru eins. Viðbrögð fólks sem týnist og aðstæður þeirra eru eins mismunandi og útköllin eru mörg. Þó má segja að hægt sé að veita nokkur ráð sem við björgunarsveitafólkið getum veitt af reynslunni, námi og þjálfun sem við göngum í gegnum.

Gegnumgangandi verður fólk hrætt þegar það týnist. Mikilvægt er að átta sig á þessu því þegar óttinn grípur um sig þá byrjar fólk oft á tíðum að taka rangar ákvarðanir. Þessi óttatilfinning er í raun mjög eðlileg ef við áttum okkur á þeim aðstæðum sem týnd persóna lendir í. Í okkar daglega umhverfi erum við vön því að vita alltaf hvar við erum og höfum í kringum okkur ákveðið öryggisnet. Við höfum t.d. götur, skilti, útvarp, farsíma og svo auðvitað aðra vegfarendur til að styðjast við ef við erum ekki alveg klár á staðháttum. Þegar öllu þessu er kippt út úr myndinni er eðlilegt að um sig grípi mikið óöryggi hjá fólki. Kannski er tilfinningin ekki ósvipuð og að lenda í snörpum jarðskjálfta þar sem allri fótfestu er kippt undan manni. Hugurinn fer þá oft á yfirsnúning, ef svo má að orði komast, og fólk fer að taka ákvarðanir sem það myndi ekki taka við eðlilegar kringumstæður.

Að halda rónni

Líklega eru ein af algengustu viðbrögðunum við þessar aðstæður þau að yfirgefa skjól í voninni um að geta annað hvort gert vart við sig, finna veg eða einhverja aðra hluti sem hjálpa. Það getur verið freistandi að ganga upp á fjallsbrún til að athuga hvort þar náist GSM samband. Eða ganga niður hlið til að komast að læk eða á sem von-



Hjá Björgunarfélaginu hafa sex einstaklingar tekið svonefnt Fagnámskeið í leitarækni hjá Björgunarskóla Slysvarnarfélagsins Landsbjargar. Þessi hópur hefur aflað sérhæfðs búnaðar sem slíkur faghópur þarf að hafa. Verulegur skriður komst á þau mál núna í haust þegar okkur barst fjárfstyrkur frá Lionsklúbbi Akraness sem gerði okkur kleift að afla þess búnaðar sem upp á vantaði. Það varð til þess að við töldum okkur loks fær um að stofna þennan faghóp formlega. Búnaðurinn samanstendur m.a. af vönduðum sjónaukum sem þola vel veður og vind, öflugum leitarljósum, blikkljósum, skriffærum sem þola vatnsveður, „polarized“ gleraugum sem auðvelda leit við ár vötn og margt fleira. Kunnum við Lionsklúbbum okkar bestu þakkir.

andi rennur til byggða. Oft verður slík ferð að feigðarflani þegar veður eða aðrar aðstæður breytast snögglega.

Til að róa hugann gæti verið gott að hafa hugmynd um hvernig þeir sem leita að manni fara að. Hjá Björgunarfélagi Akraness var í ár stofnaður leitaræknihópur. Leitarækni er tiltölulega ungt fag í björgunargeiranum og er í sífelldri þróun og útvíkkun. Til að lýsa henni í stuttu máli má segja að hún snúist um að finna týnt fólk eða hluti með þeirri aðferð og tækjum sem þykir skynsamlegast að beita hverju sinni.

Leitarækni snýst um smæstu smáatriðin, svo sem sporakningar og finleit að vísbendingum á litlu svæði þar sem ætlunin er að finna „nálna í heystaknum“. Hún snýst líka um stóru myndina, þ.e. að skipuleggja og stjórna leit á landsvæði, og svo margt þar á milli.

Leit er alltaf neyðarástand

Þegar persóna er týnd er það alltaf lítið mjög alvarlegum augum. Lögreglan ber ábyrgð á leit að týndu fólki á landi og við störfum í umbodi hennar. Þegar björgunarsveit er kölluð út til leitar hefur stundum átt sér stað undanfarandi rannsókn lögreglu sem hjálpar okkur mikið við að meta aðstæður. Oft er því þó þannig farið að tíminn er mjög knappur og leitinn er hröð. Þá fáum við upplýsingar frá leitarstjórn og lögreglunni þegar við erum á leiðinni í leitina og í leitinni sjálfri. Það gefur því auga leið að mikilvægt er að fólk sé fært um að meta aðstæður sem mest sjálft, aflað sjálft upplýsinga og geti byrjað sem fyrst að leita á faglegan hátt. Gott nám í leitarækni og góð þjálfun skipta þar miklu máli. Það er þannig eitt af mikilvægustu hlutverkum leitarhóps B.A. að stuðla að því að aðrir félagar sveitarinnar kunni sem best skil á leitarækninni og að faglegum kröfum sé haldið uppi. Það má segja að hverjum björgunarmanni sé jafn mikilvægt að kunna góð skil á leitarækni og skyndihjálp.

Stóra myndin og smáatriðin

Þegar leit er skipulögð í óbyggðum er síðasta vísbending um ferðir hins týnda augljóslega alltaf útgangspunktur vinnunnar við skipulagningu. Sá punktur er kallaður „síðasti þekkti staður“, skammstafað S.P.S. Gjarnan eru tveir sammiðja hringir dregnir út frá S.P.S. Ytri hringurinn táknar mörk þess svæðis sem ólíklegt er að hinn týndi hafi komist yfir miðað við t.d. líklegan gönguhraða, veðurastæður eða líkamlegt atgervi hins týnda. Innri hringurinn táknar það svæði sem líklegast eru að hin týndi finnist á, metið út frá sömu forsendum.

Leitarstjórnendur afla fjölda upplýsinga um veður, landslag og annað sem gæti skipt máli á leitarsvæðinu. Síðan er reynt að átta sig á því hversu langt frá S.P.S. hinn týndi hefur komist. Þá er ekki síður mikilvægt að hafa sem besta hugmynd um líkamlegt og andlegt atgervi hans/hennar. Sem dæmi gerum við ráð fyrir að ungur og vanur göngumaður hafi komist lengra yfir en einhver sem ekki er í góðu líkamlegu ástandi. En það eru margir óvissuþættir. Við vitum ekkert um hvaða ákvarðanir hinn týndi kann að hafa tekið. Ætli hann leiti skjóls eða gangi stöðugt áfram? Gæti hann hafa slasast? Ótal spurningar koma upp í hugann. Þá getur tölfraedin hjálpað okkur.

Hegðun týndra

Til eru gagnagrunnar erlendis þar sem safnað hefur verið tölfraedi um fólk sem hefur fundist eftir leitir. Slysavarnarfélagið Landsbjörg hefur nú byrjað að safna upplýsingum í sams konar grunni hérlendis. Tilfelli eru flokkuð eftir hópum fólks á borð við veiðimenn, göngufólk, kyrrsetufólk og aldurshópa, svo eitthvað sé nefnt. Þetta hjálpar okkur mikið við að ákvarða hvar eigi að byrja að leita og hvaða svæði eru ólíklegri til árangurs. Tölfraedin er vitaskuld aldrei óbrigðul en hún hjálpar okkur við að eyða ekki púðrinu í að leita á ólíklegustu svæðunum fyrst, því tíminn skiptir jú miklu máli.

Þegar búíð er að marka leitarsvæðið eru fundnar aðrar vísbendingar innan þess sem við köllum oft „heit svæði“. Það geta verið staðir sem hinn týndi gæti hafa leitað að sjálfur, svo sem fjallaskáli eða vegslóðar og hugsanleg skjól. Leitinni er í upphafi oftast beint að þessum svæðum, sem og hættusvæðum þar sem hinn týndi gæti hafa lent í ógöngum.

Hinn týndi getur hjálpað

Það má því segja að við gerum ráð fyrir því að týndur einstaklingur hegði sér á ákveðinn máta við ákveðnar aðstæður, þótt reynslan sýni okkur líka að aldrei er hægt að byggja fullkomlega á tölfraedinni. Sem dæmi gerum við oftast ráð fyrir að fólk leiti skjóls og leitum fyrst að líklegum skjólum. Það undirstrikar mikilvægi þess að yfirgefa ekki skjól, ef maður hefur á annað borð fundið slíkt, því það veikir möguleikann á að finnast.

Segja má að þessi skipulagningarvinna sem á undan er talin eigi sér að mestu stað inni á borði hjá leitarstjórnendum og að þeir hafi yfirsýn yfir stóru myndina. Leitarmenn sem eru úti á mörkinni hafa aftur á móti sýn á smáatriðin og þá skiptir miklu máli að fólk hafi þjálfun í að greina hismið frá kjarnanum. Við leitum ekki síður að vísbendingum um hinn týnda, svo sem fótspor um eða hlutum sem hann gæti hafa misst frá sér. Fyrir þann sem er týndur er því alls ekki vitlaust að ganga í góðar sporagildirur, svo sem snjóskafla, mela, moldarfláka eða annars staðar þar sem markar greinileg spor.

*Víð óskum íbúum á Akranesi
og í nærsveitum gleðilegrar hátíðar
og gæfuríks komandi árs,
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.*

Hátíðarkveður,
Starfsfólk Landsbankans
á Akranesi.



Pistill um nýliðastarf

Björgunarsveitir landsins eru samtök sem eru nauðsynleg, öllum í landinu. Félagsmenn þeirra þurfa að takast á við mjög erfið vandamál í oftast ennþá erfiðari aðstæðum. Þeir sem þurfa á hjálp okkar að halda og bara allir í landinu gera þær kröfur á okkur að við getum tekist á við þau vandamál sem koma upp, hvort sem er á landi eða á sjó. Til þess að það sé mögulegt, þarf að hafa öflugan og áhugasaman mannskap sem hefur hlotið sem víðtækasta þjálfun. Til þess er nýliðastarfið.

Nýliðastarfið er tveggja ára ferill þar sem nýliðinn fær að kynna öllu sem gert er innan sveitarinnar. Búnaður sveitarinnar er kynntur og nýliðinn fer á námskeið þar sem hann er undirbúinn fyrir það að geta farið í útköll. Námskeiðin eru m.a. fyrsta hjálp, leitartækni og rötun og ferðamennska. Hjá Björgunarfélagi Akraness búum við svo vel að eiga fagmenntaða leiðbeinendur fyrir flest þau námskeið sem nýliði þarf að taka. Nýliðastarfið hjá okkur í vetur er búið að ganga mjög vel og það er búið að gera margt. Starfið byrjaði í september og strax í þeim mánuði var farið á fyrsta námskeiðið, rötun og ferðamennsku. Farið var í bóklega hlutann á miðvikudags- og fimmtudagskvöldi og helgina strax á eftir var farið í göngu í æðislegu veðri. Þá gistum við eina nótt í tjöldum inni í Brynjudal. Tvö önnur námskeið voru einnig kennd í haust, fyrsta hjálp 1, sem kennt var í Skorradalsskála og ísklifurnámskeiðið sem kennt var á Sólheimajökli.

Fjáraflanir eins og Neyðarkallssalan og aspatínsla hafa líka verið stór partur af starfi haustsins þar sem nýliðarnir tóku virkan þátt. Á nýliðafundum sem haldnir eru einu sinni í viku er reynt að fara yfir allt sem starfi sveitarinnar við kemur. Þar eru kenndir hnútar og sig, búið er að fara í siglingu á björgunarsveitar bátunum og margt margt fleira. Í nýliðanum er okkur líka kennt að vinna saman í



hóp og treysta hvert öðru, því það er nú einu sinni þannig að maður bjargar ekki neinum, einn og óstuddur.

*Sæþór Sindri Kristinsson,
nýliði í Björgunarfélagi Akraness*



Vegleg gjöf frá Lionessum á Akranesi



Á myndinni eru: Þórður Guðnason, Svanborg Þórdís Frostadóttir, Guðfinna Rósantsdóttir, Sigþóra Gunnarsdóttir og Ásgeir Kristinsson

Félagar í Lionsklúbbnum Eðnu á Akranesi gáfu Björgunarfélagi Akraness svokallaða grjónadýnu. Þetta er sérhæfð dýna til sjúkraflutninga. Eiginleikar þessarar dýnu eru þeir að eftir að sjúklingurinn hefur verið nánast vafinn inn í dýnuna er hún lofttæmd og veitir sérstaklega

góðan stuðning við líkama sjúklingsins. Tryggir m.a. við beinbrot að beinendar séu sem minnst á hreyfingu. Þetta minnkar líkur á að slasað fólk sem þarf að flytja um langan veg bíði skaða af flutningnum.

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

Frá og með 2. janúar 2011 opnum við kl 8 alla virka daga.
Taktu daginn snemma með okkur!

Húsasmiðjan Akranesi

opið virka daga

8-18

laugardaga
10-15

sunnudaga
Lokað

blómaval


HÚSASMÍÐJAN




Allan ársins hring eru yfir 2000 manns til taks fyrir þig!

Í björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru ríflega 2000 sjálfbóðaliðar sem leggja fram árlega meira en 650 þúsund vinnustundir. Fólk úr öllum starfsgreinum sem er tilbúið að standa upp frá vinnu sinni eða fara úr fríi hvenær sem er – þegar kallið kemur.

Þetta fólk leggur fram 1780 klukkustundir að meðaltali á dag á hverju ári – allt ólaunað!
Þennan hóp og landsmenn alla skiptir miklu máli að til taks séu tæki sem geta tekist á við þær erfiðu aðstæður sem upp geta komið í íslenskrí náttúru, eins og við höfum rækilega verið minnt á undanfarið.

Þú getur stutt á öflugan hátt við björgunarstarfið með því að kaupa flugeldana af okkur því flugeldasalan heldur okkur gangandi.



**FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA**

Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.